

Sp.

742. Skýrsla

fulltrúa Íslands á 35. þingi Evrópuráðsins, apríl 1983 til janúar 1984.

Efnisyfirlit:

1. Inngangur.
2. Fulltrúar Íslands.
3. Störf þingsins almennt.
4. Alþjóðamál og málefni er tengjast þeim Evrópuríkjum sem eiga ekki aðild að Evrópuráði.
5. Efnahags-, þróunar- og orkumál.
6. Mannfjöldi og málefni flóttamanna.
7. Félagsmál.
8. Menningar- og menntamál.
9. Löggjafarmálefni.

10. Vísinda-, tækni- og umhverfismál.
11. Landbúnaðarmál.
12. Samgöngumál.
13. Önnur mál.
14. Yfirlit um ákvarðanir þingsins.

1. Inngangur

Í upphafi skal farið nokkrum orðum um Evrópuráðið og hlutverk þings þess.

Evrópuráðið er pólitísk stofnun sem er fyrst og fremst samansett af þingi, sem er fulltrúi þjóðþinga aðildarríkjanna, og ráðherranefnd sem er fulltrúi ríkisstjórnanna. Tengslum milli þessara tveggja stofnana er haldið uppi af svokallaðri sameinaðri nefnd sem fulltrúar beggja eiga sæti í. Aðalframkvæmdastjórinn og starfslið hans þjónar þessum aðilum. Í skýrslu þessari verður fjallað um starfsemi Evrópuráðsins.

Þing Evrópuráðsins er ráðgefandi þing sem er svipað þjóðþingum að samsetningu, og hlítir svipuðum þingsköpum, en hefur ekki löggjafarvald. Þingið skipa 170 fulltrúar.

Gert er ráð fyrir reglulegu þinghaldi á hverju ári og er því skipt í þrjá hluta: að vori, hausti og vetri. Með þessu móti getur þingið fylgst betur en ella með gangi mála á sviði alþjóðamála. Þingið lætur til sín taka hin margvíslegustu mál, svo sem pólitísk, efnahagsleg, félagsleg og menningarleg, að undanskildum hermálum. Málin hafa áður verið undirbúin af þingnefndunum og eru afgreidd í formi tillagna til ráðherranefndar, ályktana, fyrir mæla og álitsgerða.

2. Fulltrúar Íslands

Fulltrúar Íslands á 35. þinginu voru:

Þorvaldur Garðar Kristjánsson,
Ingvar Gíslason,
Ólafur Ragnar Grímsson.

Varafulltrúar voru:

Kjartan Jóhannsson,
Pétur Sigurðsson.

Aðalfulltrúar og varafulltrúar tóku þátt í störfum þingsins og skipuðu nefndir sem hér segir:

Þorvaldur Garðar Kristjánsson:

Fastanefnd.
Stjórnmalanefnd.
Þingskapanefnd (varamaður).
Laganefnd (varamaður).

Ingvar Gíslason:

Sameinaða nefndin.
Vísinda- og tækninefnd.
Sveitarstjórna- og skipulagsnefnd.
Landbúnaðar- og sjávarútvegsnefnd (varamaður).

Ólafur Ragnar Grímsson:

Efnahagsnefnd.

Upplýsinganefnd.

Nefnd um farandverkafólk og flóttamenn (varamaður).

Nefnd um samskipti við ríki utan Evrópuráðsins (varamaður).

Fjárhags- og áætlananefnd (varamaður).

Kjartan Jóhannsson:

Heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Menntamálanefnd.

Landbúnaðar- og sjávarútvegsnefnd.

Vísinda- og tækninefnd (varamaður).

Pétur Sigurðsson:

Þingskapanefnd.

Fjárhags- og áætlananefnd.

Fastanefnd (varamaður).

Stjórnmalanefnd (varamaður).

Formaður íslensku þingfulltrúanna var Þorvaldur Garðar Kristjánsson og ritari Friðjón Sigurðsson skrifstofustjóri Alþingis.

3. Störf þingsins almennt

35. þing Evrópuráðsins var venju samkvæmt skipt í þrjá hluta og var fyrsti hlutinn haldinn 25.—29. apríl 1983, annar hlutinn 26. september — 3. október 1983 og þriðji hlutinn 30. janúar — 3. febrúar 1984. Þingfundir eru ávallt haldnir í aðalstöðvum Evrópuráðsins í Strasborg.

Forseti Ítalíu, Sandro Pertini, var gestur vorþingsins. Ræddi hann kosti lýðræðisins og nauðsyn þess að lýðræðisríkin berðust gegn alræðinu. Hann kvaðst fagna fyrirhugaðri inngöngu Spánar og Portúgals í Efnahagsbandalagið. Þá vildi hann auka þýðingu Evrópuráðsins með því að koma á meirihluta-atkvæðagreiðslu í ráðherranefndinni í stað þess sem nú gildir að öll ríkin verði að vera sammála til að mál fáið afgreidd.

Spánski þingmaðurinn og forseti þingsins, Jose María de Areilza, tapaði þingsæti sínu í spánska þinginu og var því gengið til kosninga um nýjan forseta þings Evrópuráðsins. Jafnaðarmaðurinn Karl Ahrens var kjörinn forseti, fyrsti Vestur-Þjóðverjinn til að gegna því embætti. Varaframkvæmdastjóri Evrópuráðsins, Gaetano Adinolfi, var endurkjörinn.

Utanríkisráðherra Belgíu, Leo Tindemanns, fylgdi hefðbundinni skýrslu ráðherranefndarinnar úr hlaði á vorfundi, en utanríkisráðherra Kýpur, George Jacovou, mælti fyrir sömu skýrslu á haustfundi og utanríkisráðherra Danmerkur, Uffe Ellemann-Jensen á janúarfundi.

Þá ávarpaði Olaf Palme forsætisráðherra Svíþjóðar haustfund þingsins. Sagði hann það vera stefnu stjórnar sinnar að leggja aukna áherslu á tengslin við Evrópuráðið. Styrkur Evrópuráðsins fælist í sáttmála þess sem krefðist þess að aðildarríkin stæðu vörð um grundvallarhugtök lýðræðisins er snertu frelsi einstaklingsins, frelsi stjórnmalanna og réttarsamfélagið. Tyrkland gæti ekki talist uppfylla ofangreind skilyrði sem Evrópuráðið setti aðildarríkjum sínum. Því hefði Svíþjóð ásamt fjórum öðrum Evrópuráðsríkjum kært Tyrkland fyrir mannréttindanefndinni. Stjórnarskrá Tyrklands gæfi ekki fullnægjandi fyrirheit um það lýðræði sem Tyrkir hugðust innleiða og Evrópuráðið gæti ekki dregið úr kröfum sínum til lýðræðislegra stjórnarháttanna til að aðlaga sig að einstaka aðildarríkjum.

Meginþáttur í ræðu Palmes fjallaði að öðru leyti um atvinnuleysið í Evrópu, en í lokaorðum ræddi hann um varnarmál í Evrópu.

Af öðrum, sem ávörpuðu 35. þing Evrópuráðsins, má nefna franska félagsmálaráðherrann, Pierre Bérégavoy, írsku menntamálaráðherrann, Gemmu Hussey, og framkvæmdastjóra OECD, Emile van Jennepe. Janúarfundinn ávörpuðu þingið forsætisráðherra Spánar, Felipe Conzales, Johan J. Jakobsen samgönguráðherra Noregs og Carl-Dieter Spranger aðstoðarráðherra frá Þýska sambandslýðveldinu.

4. Alþjóðamál og málefni er tengjast þeim Evrópuríkjum sem eiga ekki aðild að Evrópuráði

Fyrir 35. þinginu lá skýrsla sem norskur íhaldsflokksþingmaðurinn Harald Lied hafði tekið saman og fjallaði um samskipti austurs og vesturs. Um 40 þingmenn tóku til máls og lýstu skoðunum sínum á skýrslunni. Sætti hún á mæli fyrir að vera of einhliða og tók Harald Lied það til greina og dró hana til baka og kvaðst mundu semja aðra skýrslu með tilliti til þeirra sjónarmiða sem fram komu í umræðunum. M. a. kom fram í umræðunum nauðsyn þess að Evrópuráðið héldi tengslum við Austur-Evrópuríkin, ekki síst þar sem þau hafa ekki viðurkennt Evrópuráðið.

Ástandið í Tyrklandi var á dagskrá á haustfundi þingsins í tvo daga, en skýrsla Ludwig Steiners, austurríska þjóðarflokksþingmannsins, þingskjal 5117 um það mál, lá fyrir fundinum. Að venju skiptust þingmenn í fylkingar eftir stjórn málskoðunum um afstöðu til málsins. Þingmenn hægri flokkanna töldu skýrsluna bera vott um sleggjudóma varðandi fyrirhugaðar kosningar í Tyrklandi 6. nóvember, en hins vegar töldu þingmenn vinstri- og miðflokkanna að beita ætti tyrknesk stjórnvöld miklu meiri þrýstingi eins og fram kom að framan í máli Olafs Palme.

Ályktun stjórnmalanefndar þingsins um Tyrklandsmálið, nr. 803, var samþykkt með miklum meirihluta atkvæða. Í ályktuninni er vitnað í fyrri tilmæli Evrópuráðsins til tyrkneskra stjórnvalda sem verið hafa árangurslítill. Enn eru ítrekaðar áhyggjur aðildarríkja Evrópuráðsins af ástandi mannréttindamála í Tyrklandi. Í lok ályktunarinnar áskilur þing Evrópuráðsins sér rétt til þess að mæla með því við ráðherranefnd Evrópuráðsins að hún hefji aðgerðir er miði að brottrekstri Tyrklands í samræmi við ákvæði stofnskrár Evrópuráðsins. Þá lýsir þingið því yfir að með tilliti til aðstæðna og fyrirliggjandi upplýsinga virðist þingið, sem kosið verður til 6. nóvember n. k., ekki vera lýðræðislega kosið og því geti það ekki sent sendinefnd á þing Evrópuráðsins. Loks var stjórnmalanefndinni og laganeftinni falið að fylgjast með þróun mála í Tyrklandi og leggja fram skýrslu þess efnis í janúar 1984.

Ástandið í Miðausturlöndum var á dagskrá þingsins eins og oft áður. Tveir þingmenn, austurríska jafnaðarmaðurinn Karl Reinhart og spánski miðflokksþingmaðurinn Miguel Angel Martinez, lögðu fram skýrslu um ferð til Líbanon, Jórdaníu, Sírlands og Ísraels í júlí 1983. Í lokaorðum skýrslunnar er mælt með því að PLO verði viðurkenndur sem samningsaðili. Ályktun nr. 804, um ástandið í Miðausturlöndum, var samþykkt. Í ályktuninni er þess krafist að allir erlendir herir hverfi á brott frá Líbanon, að friður haldist í þessum heimshluta og stefna Ísraels á herteknu svæðunum verði fordæmd. Loks er skorað á ríkisstjórnir Evrópuríkja að taka frumkvæði í að finna leið til friðar í Miðausturlöndum og mælt með því að evrópskir ráðherrar miðli málum þar.

Samstarf Evrópuríkja á þessum áratug var á dagskrá þingsins. Þingmaður norska íhaldsflokksins, Harald Lied, lagði fram skýrslu fyrir hönd stjórnmalanefndarinnar um ofangreint efni og ályktun nr. 805, sama efnis, og var hún samþykkt. Í ályktuninni var hvatt til aukinna umsvifa Evrópuráðsins og betri samhæfingar milli starfsemi Evrópuráðsins og Efnahagsbandalagsins. Lagði hann til að sett yrði á stofn nefnd háttsettra stjórnmalamanna í Evrópu til að vinna að þessu máli.

Rætt var um Ráðstefnu um öryggi og samvinnu í Evrópu í Madrid og ályktun nr. 806, sama efnis, var samþykkt. Í ályktuninni kom fram ánægja þingsins með árangur ráðstefnunnar um aðgerðir til að efla traust. Einnig kom fram hvatning til aðildarríkja Evrópuráðsins að upplýsa almenning um framkvæmd Helsinki-sáttmálans og lokasamþykktar Madrid-ráðstefnunnar.

Í tillögu nr. 972, um málefni Þjóðverja í Sovétríkjunum, eru Sovétríkin hvött til að leyfa þeim Þjóðverjum, sem fara vilja frá Sovétríkjunum að flytja þaðan. Enn fremur er skorað á Sovétríkin að láta af mismunun gagnvart þýska þjóðarbrotinu í landi þeirra. Skorað er á ráðherranefndina að styðja þýsk stjórnvöld í viðleitni þeirra til að bæta aðstæður þýska minnihlutans í Sovétríkjunum og flýta fyrir afgreiðslu vegabréfsáritana fyrir þetta fólk. Þá er loks hvatt til þess að um málið verði fjallað í víðara samhengi á Ráðstefnu um öryggi og samvinnu í Evrópu.

Vegna stjórnskipulags þess, sem nú ríkir í Tyrklandi, gætir verulegrar andstöðu á þingi Evrópuráðsins gegn því að Tyrkir eigi þar fulltrúa þótt þeir séu enn aðilar að Evrópuráði þar sem þeim hefur ekki verið vikið úr samtökunum. Réttur Tyrkja til þess að eiga fulltrúa á þinginu var ákveðinn sem sérstakur dagskrárliður á janúarfundi þingsins og urðu um það mál miklar umræður sem ekki tókst að ljúka áður en þinginu var slitið. Kjörbréf tyrknesku fulltrúanna voru aldrei samþykkt en eigi að síður sátu Tyrkir í þingsalnum og voru taldir hafa til þess formlegan rétt meðan ekki fengjust úrslit í atkvæðagreiðslu um málið, en til atkvæðagreiðslunnar kom aldrei enda lauk þinginu nokkuð óvænt vegna verkfalls starfsmanna þar (túlka) sem ekki tókst að leysa í tæka tíð. Úrslit Tyrklandsmálsins verða því að bíða næsta þings. Þá tókst heldur ekki að ljúka umræðum um ástandið á Kýpur sem er eitt af aðildarlöndum Evrópuráðsins.

5. Efnahags-, þróunar- og orkumál

Fyrir vorkundi lá skýrsla frá svissneska sósíalístanum Willy Donze um þróun heimsviðskipta og fjallaði einkum um þróunina innan GATT og verndunaraðgerðir í heimsviðskiptum.

Í ályktun nr. 796, sem samþykkt var, var skorað á aðildarríkin að fylgja stefnu er hvetti til meiri viðskipta en leiddi þó ekki til aukinnar verðbólgu. Manfred Vohrer, þingmaður frjálslyndra í V-Þýskalandi, lagði fram skýrslu um ár helgað smáum og meðalstórum fyrirtækjum. Ályktun sama efnis, nr. 798, var samþykkt.

Tvær skýrslur lágu fyrir vorkundi undir þessum dagskrárlið, skýrsla um starfsemi OECD 1982 og skýrsla um stáliðnaðinn í Evrópu. Í ályktun nr. 809, um starfsemi OECD, var ákveðið að bæta efnahag aðildarríkja OECD bæði í náninni framtíð og til langtíma, en Hollendingurinn Greetje der Ouden-Dekkers, þingmaður Frjálslynda flokksins, stóð að skýrslunni er lá til grundvallar ályktuninni.

Franski sósíalístin Lucien Pignion ritaði skýrslu um stöðu stáliðnaðarins í Evrópu. Ályktun nr. 809, um það efni, var samþykkt en í henni er bent á ýmsar leiðir til úrbóta.

Þing Evrópuráðsins efndi til fjölmennrar ráðstefnu sem haldin var í Lissabon 9.—12. apríl s. l. um „samskipti norðurs og suðurs“, þ. e. iðnríkjanna og þriðja heimsins, og gekk ráðstefnan undir heitinu: Norður-Suður — Hlutverk Evrópu. Ólafur Ragnar Grímsson hafði á sínum tíma frumkvæði að tillöguflutningi um þessa ráðstefnu innan Evrópuráðsþingsins. Var hann kjörinn formaður skipulagsnefndar ráðstefnunnar og aðalframsögumaður. Auk Ólafs Ragnars sátu ráðstefnuna af Íslands hálfu: dr. Gunnar G. Schram, Halldór Blöndal, Ingvar Gíslason og Kjartan Jóhannsson.

6. Mannfjöldi og málefni flóttamanna

Austurríski jafnaðarmaðurinn Karl Reinhart samdi skýrslu um fordóma heimamanna í aðildarríkjum Evrópuráðsins í garð farandverkamanna. Í tillögu nr. 968, um hleypidóma í garð farandverkamanna, voru ríkisstjórnir aðildarríkja hvattar til að skýra fyrir almenningi aðstöðu þessa fólks. Málinu var að öðru leyti vísað til þingnefndar um farandverkafólk og flóttamenn sem falið var að fylgjast með þróun þessara mála með tilliti til fyrirmæla þingsins, nr. 420, um aðgerðir varðandi hleypidóma í garð farandverkamanna. Sama nefnd skyldi undirbúa ráðstefnu árið 1984 til að vekja athygli fjölmiðla á aðstöðu farandverkamanna.

7. Félagsmál

Austurríski jafnaðarmaðurinn Karl Reinhart lagði fram skýrslu um upplýsingar og samráð milli starfsmanna í stórum fyrirtækjum, sem annars vegar eru í eigu aðila í mörgum þjóðríkjum, og hins vegar stórfyrirtækjum í eigu aðila frá sama landi. Samþykkt var tillaga er mælti með ákveðnum aðgerðum til að efla upplýsingamiðlun og áhrif starfsmanna á stjórn fyrirtækjanna.

Eins og kunnugt er hurfu eiturefni í borginni Seveso á Ítalíu og fundust í Norður-Frakklandi. Þingið samþykkti ályktun nr. 797 þar sem stjórnvöld, fyrirtæki og almenningur eru hvött til að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að málið verði upplýst.

Allmiklar umræður urðu á haustfundinum um atvinnuleysi en 19 milljónir manna í aðildarríkjunum ganga nú atvinnulausar. Þá samþykkti þingið ályktun nr. 809, um starfsemi OECD á árinu 1982.

Á janúarfundi lagði Worrell, þingmaður frá Hollandi, fram tillögu, þingskjal 5104, varðandi rétt manna til að ákveða sjálfir aðild að verkalyðsfélagi. Þessi tillaga var ekki samþykkt þar sem ekki náðist tilskilinn meirihluti atkvæða ($\frac{2}{3}$). Miklar umræður urðu um málið og 20 þingmenn tóku til máls.

8. Menningar- og menntamál

Á menningarsviðinu lá fyrir haustfundi skýrsla austurríska jafnaðarmannsins Hilde Hawlicek er fjallaði um samstarf á sviði kennslu. Menntamálaráðherra Írlands Gema Hussey, formaður fastanefndar evrópskra menntamálaráðherra, tók einnig til máls. Ályktun nr. 807 var samþykkt og fjallaði um aukið starf fastanefndar menntamálaráðherranna.

Flutningur listaverka og hvatning til að skila þeim aftur til upprunalands var efni tveggja skýrslna, Beith-skýrslunnar og Tummers-skýrslunnar. Fyrirnefnda skýrslan er kennd við breska þingmanninn Alan Beith en hin síðari við hollenska öldungadeildarþingmanninn Nic Tummers. Á grundvelli Beith-skýrslunnar voru fyrirmæli 421 samþykkt, en þar var flutningi listaverka vísað til efnahagsnefndar og laganefndar. Tummerskýrslan leiddi til ályktunar nr. 808 þar sem því var beint til aðildarríkjanna að stofna til tvíhliða samvinnu, hugsanlega fyrir atbeina UNESCO, til að kanna hvenær eðlilegt er að Evrópuríki skili aftur listaverkum frá ríkjum Evrópu.

Þingið samþykkti ályktun nr. 814, um menningartengsl Evrópu og Suður-Ameríku, og tillögu nr. 976, um framlag Evrópuráðsins til menningarsamstarfs í Suður-Ameríku.

Ofangreind þingskjöl áttu rætur að rekja til skýrslu þingmannanna Tummers og Martinez, þingskjal 5161.

9. Löggjafarmálefni

Fulltrúar eftirfarandi ríkja voru kosnir til setu í mannréttindadómstólum: Sambandslýðveldisins Þýskalands, Grikklands, Ítalíu, Möltu, Bretlands og Svíþjóðar.

Í skýrslu Antons Muheims, svissnesks sósíalista, varðandi mannréttinasáttmála Evrópu er vakin athygli á þeim langa tíma sem það tekur mannréttindanefndina og

dómstólinn að ljúka málum. Í tillögu til ráðherranefndarinnar, nr. 970, er mælt með því að meðferð mannréttindamála verði bætt. Í ályktun þingsins, nr. 802, eru sendinefndirnar hvattar til að bjóða fram menn sem hafa nægan tíma til að taka að sér dómara- og nefndarstörf.

Þingið tók einnig afstöðu til beiðni ráðherranefndar um umsögn varðandi bókun við sáttmála Evrópuráðsins, um verndun mannréttinda og grundvallarfrelsis.

Í skýrslu, er fjallaði um vernd fanga gegn pyntingum, lagði franskur sósíalístrinn Noel Barrier til að gengið yrði frá lögum sem kveða á um heimsóknir í fangelsi í aðildarríkjunum sem þingnefnd frá Evrópuráðinu stæði að. Í tilmælum nr. 971 er ráðherranefndin hvött til þess að samþykkja lagafrumvarp þessa efnis.

Þingið samþykkti án umræðu ályktun nr. 801 þar sem Amnesty International er stutt í baráttunni fyrir því að aðstoða fólk sem tekið hefur verið til fanga vegna skoðana sinna.

10. Vísinda-, tækni- og umhverfismál

Franski sósíalístrinn Philippe Bassinet lagði fram skýrslu, þingskjal 5049, með athugasemdum við drög að Evrópuráðssamningi um verndun dýra sem notuð eru í tilraunaskyni. Á vofundi var frumvarpið tekið til atkvæðagreiðslu en náði ekki tilskildum meirihluta atkvæða.

11. Landbúnaðarmál

Fjallað var um skýrslur hr. Müllers, þingmanns frá Þýska sambandslýðveldinu, þingskjal nr. 5758, varðandi loftmengun og súrt regn, og þingskjal 5148, um skógrækt í Evrópu og um heim allan. Aðstoðarráðherra í innanríkisráðuneyti Sambandslýðveldisins Þýskalands, Carl-Dieter Sprange, ávarpaði þingið af þessu tilefni. Niðurstaða umræðna um ofangreind þingmál leiddi til þess að tillaga nr. 977 var samþykkt, um loftmengun og súrt regn, en þar er lagt til að Evrópuráðið standi að samningi um þetta mál er taki mið af ákvæðum Efnahagsbandalags Evrópu um sama efni. Í tillögu nr. 978, um skógrækt í Evrópu, eru aðildarríkin hvött til að stefna að því að Evrópa verði í ríkara mæli sjálfri sér nóg um timbur.

12. Samgöngumál

Johan J. Jakobsen samgönguráðherra Noregs og formaður fastanefndar samgönguráðherra Evrópu ávarpaði þingið í umræðum um þingskjöl 5164 og 5166 varðandi skýrslu samgönguráðherranna. Í máli hans kom m. a. fram að á síðustu fimm árum hefði framlag til samgöngumála á Norðurlöndum stæði í stað eða jafnvel lækkað.

13. Önnur mál

Fastanefnd þingsins samþykkti fyrirmæli um stefnu í launamálum starfsmanna skrifstofu Evrópuráðsins árið 1984. Enn fremur fjárlög og reikninga árunna 1982, 1983 og 1984, svo og fyrirmæli um fjármálalið tillagna þings Evrópuráðsins.

14. Yfirlit yfir ákvarðanir 35. þings Evrópuráðsins (apríl 1983 — janúar 1984).

Tillögur

965 um samráð milli launþega hjá fjölþjóðlegum fyrirtækjum og stórfyrirtækjum.

966 um þunga málma í ræktaðri jörð.

967 um skuldbindingar gistihúsaeigenda.

968 um hleypidóma í garð farandverkamanna.

- 969 um sölu á lyfjum í þróunarlöndum.
- 970 um mannréttindi í ríkjum sem aðild eiga að Evrópuráðinu.
- 971 um aðgerðir til verndunar fanga gegn pyntingum.
- 972 um aðstöðu þýska minnihlutans í Sovétríkjunum.
- 973 um Öryggismálaráðstefnuna í Madrid.
- 974 um ástandið á Kýpur.
- 975 um sýningu á evrópskri húsagerðarlist.
- 976 um framlag Evrópuráðsins til menningarstarfs í Suður-Ameríku.
- 977 um loftmengun og súrt regn.
- 978 um skógrækt í Evrópu og um heim allan.

Ályktanir

- 796 um þróun heimsviðskipta.
- 797 um eiturefni í Seveso.
- 798 um að árið 1983 verði tileinkað smáfyrirtækjum, meðalstórum fyrirtækjum og handiðnaði.
- 799 um ástandið í Mið-Ameríku.
- 800 um grundvallarkenningar lýðræðisins.
- 801 um baráttu Amnesty International í þágu samviskufanga.
- 802 um umsækjendur um setu í mannréttindanefnd Evrópuráðsins.
- 803 um ástandið í Tyrklandi.
- 804 um ástandið í Miðausturlöndum.
- 805 um samstarf Evrópuríkja á níunda áratugnum.
- 806 um öryggismálaráðstefnu í Madrid.
- 807 um samstarf Evrópuríkja í menntamálum.
- 808 um heimflutning listaverka.
- 809 um starfsemi OECD á árinu 1982.
- 810 um ástandið í stáliðnaðinum í Evrópu.
- 811 um starfstímabil nefndarformanna.
- 812 um áunna ofnæmisbæklun.
- 813 um nútíma húsagerðarlist.
- 814 um menningartengsl Evrópu og Suður-Ameríku.
- 815 svar við 28. og 29. ársskýrslu samgönguráðherra Evrópu.

4. Fyrirmæli

- 418 um vísindasamstarf Evrópuríkja á níunda áratugnum.
- 419 um vernd dýra við dýrarannsóknir.
- 420 um aðgerðir varðandi hleypidóma gagnvart farandverkamönnum.
- 421 um heimflutning listaverka.

5. Álitsgerðir

- 114 um fjárlög þings Evrópuráðsins 1984.
- 115 um reikninga og fjárlög Evrópuráðsins fyrir árin 1982, 1983 og 1984.
- 116 um drög að bókun varðandi verndun mannréttinda og pólitískra og borgaralegra réttinda.